

Samningur

milli

Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

og

Samtaka atvinnulífsins (SA)

annars vegar

og

hins vegar

Sjómannasambands Íslands (SSÍ)

fyrir hönd,

Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Verkalýðsfélags Vestfirðinga (VerkVest), Stéttarfélagssins Samstöðu, Öldunnar - stéttarfélagss, Sauðárkróki, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Framsýnar, stéttarfélagss, Verkalýðsfélags Þórshafnar, ASA vegna AFL-starfsgreinafélags, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins Bárunnar, Eflingu stéttarfélagss, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis,

um framlengingu á kjarasamningum aðila með eftirfarandi breytingum:

I. Breytingar á almennum greinum samningsins sem taka gildi 1. febrúar 2023. Miðað er við greinar í samningi SSÍ og sambærilegar greinar í samningum ASA og VerkVest:

Grein 1.03., Hækkun kaupliða, orðist þannig:

Þann 1. febrúar 2023 verður kauptrygging háseta kr. 454.027 á mánuði, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns, 2. stýrimanns og netamanns kr. 535.723 á mánuði og yfirvélstjóra, skipstjóra og yfirstýrimanns kr. 617.417 á mánuði. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 13,1%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 498.319 á mánuði.

Frá og með 1. febrúar 2024 og til loka gildistíma kjarasamnings þessa, breytast kauptrygging og aðrir kaupliðir með sama hætti (hlutfallslega eða krónutala ef þannig er samið) og launaflokkur 7 eftir fimm ára starf í starfsgrein skv. kjarasamningi SA og SGS (sérhæft fiskvinnslufólk). Breyting á kauptryggingu og launaliðum skal taka gildi á sama tíma og breyting á framangreindum launaflokki skv. kjarasamningi SA og SGS á sér stað.

W

OHAN

Kauptrygging annarra en háseta taki sömu hlutfallslegu hækkunum og kauptrygging háseta á samningstímanum.

Þann 1. júní 2028 mun kauptrygging annarra en háseta sæta hlutfallslegri hækkun þannig að fjárhæð kauptryggingar endurspegli hlutaskipti skv. kjarasamningum frá og með þeim tíma, þó þannig að skipstjórnarmenn fá aldrei meira en sem nemur kauptryggingu yfirstýrimanns.

Tímakaup skal miðast við deilistuðulinn 156 í kauptryggingu.

Grein 1.04., Kauptrygging, orðist þannig

Útgerð skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af lögskráningatímanum sem hér segir m.v. 1. febrúar 2023:

a) Háseti	kr.	454.027
b) Netamaður	kr.	535.723
c) Bátismaður	kr.	535.723
d) 1. og 2. vélstjóri/vélavörður	kr.	535.723
e) Yfirvélstjóri	kr.	617.417

Skipverji skal fá greidda kauptryggingu mánaðarlega. Heimilt er skipverja að semja um annað fyrirkomulag.

Grein 1.05., Tímakaup, orðist þannig:

Í þeim tilvikum að greitt er tímakaup sbr. kjarasamning, þ.e. þegar ekki er greiddur aflahlutur eða kauptrygging, skal eftirfarandi launatafla gilda frá 1. febrúar 2023.

	Dagvinna pr. klst.	Yfirvinna pr. klst.	Vikukaup m.v. 36 klst.
Yfirvélstjóri	3.958, -	7.124, -	142.488, -
1. vélstjóri	3.434, -	6.181, -	123.624, -
2. vélstjóri	3.434, -	6.181, -	123.624, -
Vélavörður	3.434, -	6.181, -	123.624, -
Matsveinn	3.434, -	6.181, -	123.624, -
Netamaður	3.434, -	6.181, -	123.624, -
Bátismaður	3.434, -	6.181, -	123.624, -
Háseti	2.910, -	5.239, -	104.760, -

Gegni vélstjóri yfirvélstjórastörfum við viðgerðir, skal honum greitt yfirvélstjórakaup þann tíma.

Tímakaup í dagvinnu er fundið með því að deila 156 í kauptryggingu. Með því verður tekinn upp virkur vinnutími sem telst vera sá tími sem starfsmaður er við störf. Dagleg viðvera er virkur vinnutími að viðbættum hléum frá vinnu. Við upptöku virks vinnutíma eru 36 klst greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf.

W

LOKUN

4. mgr. greinar 1.12. um uppgjör orðist þannig:

Í uppgjöri skal aflamagn og aflaverðmæti greinilega sundurliðað á skiptareikningi hvers skipverja. Þar skal að lágmarki koma fram tilgreining veiðiferða, aflaverðmæti, aflamagn herrar tegundar, skipting í stærðarflokka og verð hvers flokks, skiptaverðmætishlutfall, skiptaprósenta, fjöldi í áhöfn og fjöldi lögskráningardaga.

Grein 1.21. um slysa og veikindabætur skipverja orðist þannig:

Skipverji, sem verður óvinnufær að völdum slyss eða veikinda, á rétt á launum í allt að 60 almanaksdaga sem unnt verður að taka á allt að 120 almanaksdögum. Þannig skal tryggt að skipverji verði jafnsettur og fái greidd slysa- eða veikindalaun sem jafngildir þeim launum sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram samkvæmt róðra- og launafyrirkomulagi sem tilgreint skal í ráðningarsamningi ef óvinnufærnin hefði ekki komið til.

Til nánari skýringa og áréttingar á 1. mgr. þessa ákvæðis, skal réttarstaða skipverja, miðað við mismunandi róðra- og launafyrirkomulag, vera í samræmi við eftirgreint:

1. **Ekkert róðrarfyrirkomulag:** Sé ekkert kveðið á um róðra- og launafyrirkomulag í ráðningarsamningi fær skipverji staðgengilslaun að hámarki í 60 almanaksdaga á allt að 120 almanaksdaga tímabili. Það tímabil skal ekki klippast í sundur, nema viðkomandi hafi tilkynnt um og fengið leyfi á tímabilinu og því sannanlega ekki átt að vera á sjó.
2. **Skiptimannakerfi:** Kerfi þar sem skipverjar, tveir eða fleiri, skiptast á að fara í veiðiferðir, t.d. einn mánuð á sjó og einn mánuð í frí. Staðgengilslaun skulu greidd fyrir þann tíma sem skipverji á að vera á sjó, að hámarki 60 almanaksdaga á allt að 120 almanaksdaga tímabili. Ekki skal greiða staðgengilslaun fyrir það tímabil sem skipverji á ekki að vera á sjó.
3. **Launakerfi með greiðslumiðlun:** Launakerfi þegar skipverjar, tveir eða fleiri, deila með sér launum með sérstakri innbyrðis greiðslumiðlun. Séu tveir skipverjar að deila með sér launum, skulu staðgengilslaun þá að hámarki vera 120 almanaksdagar á ½ hlut. Séu þrír skipverjar eða fleiri að deila með sér launum skulu staðgengilslaun taka mið af skjalfestu róðra- og launafyrirkomulagi.
4. **Launakerfi með útgerð:** Launakerfi þegar skipverji er ekki í kerfi á móti öðrum tilgreindum skipverja heldur útgerð. Útgerð gætir að jöfnun daga á milli skipverja. Séu tveir skipverjar um eina stöðu, skulu staðgengilslaun þá að hámarki vera 120 almanaksdagar á ½ hlut. Séu þrír skipverjar eða fleiri að deila með sér launum skulu staðgengilslaun taka mið af skjalfestu róðra- og launafyrirkomulagi.

Sé skipverji í launalausum frí er hann veikist eða slasast skal réttur hans til launa telja frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Að öðru leyti skulu ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, gilda eftir því sem við á.

W

- OAM

Purfi skipverji að gangast undir aðgerð, sem læknisfræðilega telst nauðsynleg til að draga úr eða eyða varanlegum afleiðingum vinnuslyss, skal hann njóta réttar til kauptryggingar í allt að tvo mánuði, eins og um slys væri að ræða, enda þótt hann hafi notið fulls forfallakaups vegna slyssins sjálfs.

Verði skipverji óvinnufær af völdum veikinda eða meiðsla, skal hann tilkynna það svo fljótt sem verða má skipstjóra eða útgerðarmanni. Skipverja ber að leita læknis svo fljótt sem verða má og hann telur sig óvinnufæran og þegar skip kemur að landi. Skal skipverjinn skila læknisvottorðinu til útgerðarmannsins svo fljótt sem verða má. Útgerðin skal greiða kostnað vegna öflunar læknisvottorða.

Skipverji, sem verður óvinnufær, skal tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni strax, þegar hann er orðinn vinnufær að nýju.

Dæmi um túlkun má finna í viðauka 4 við samninginn.

8. mgr. greinar 1.23. um kostnaðarhlutdeild sjómanna í slysatryggingu sjómanna orðist þannig:

Kostnaðarhlutdeild hinna tryggðu skal vera kr. 10.000 á mánuði og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði. Þessi fjárhæð taki sömu breytingum og kauptrygging háseta tekur á hverjum tíma. Kostnaðarhlutdeildin skal vera óháð stöðu hins tryggða um borð.

1. mgr. greinar 1.28.1. um sölu aflans almennt orðist þannig:

Útgerð hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerð fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum.

Grein 1.28.4., Markmið um fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila, orðist þannig:

Miða skal við að meðalverð í viðskiptum milli skyldra aðila á slægðum þorski, óslægðum þorski, slægðri ýsu og óslægðri ýsu miðist að jafnaði við 80% af vegnu meðalverði framangreindra tegunda á fiskmörkuðunum (bæði uppboðssölu og sölu framhjá klukku) síðustu þriggja mánaða fyrir verðlagningu, að frádrögnum 5% uppboðskostnaði (skilaverð markaðar). Undirmálsfiskur skal ekki vera með við útreikning á vegnu meðalverði tegundanna.

Það skal vera markmið við verðákvörðun skv. 1. mgr. þessa ákvæðis að hráefnishlutfall, þ.e. hlutfallið á milli verðs í viðskiptum milli skyldra aðila og afurðaverðs verði sem næst 55% (frávik \pm 10%) á hverjum tíma. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal í þessu sambandi koma sér saman um aðferðafræði til að meta hráefnishlutfallið sem notað er í tengslum við verðákvörðanir.

W
c. DHM

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal setja fram lýsingu á sambandi milli þyngdar á fiski og verðs á hvert kíló, þ.e. búa til verðkúrfu sem endurspeglar verð á hvert kg. fisks miðað við mismunandi þyngd fisksins. Verðkúrfunni skal breytt ef þurfa þykir, þ.e. ef hún vikur verulega frá verðkúrfu á fiskmörkuðum. Skal þetta samband þyngdar og verðs haft til hliðsjónar til að ná þeim samningsmarkmiðum sem lýst er hér að framan.

Verð á slægðum og óslægðum ufsa og karfa skal taka breytingum í samræmi við breytingar á afurðaverði. Skal við þá verðákvörðun höfð hliðsjón af vísitölum Hagstofu Íslands um framleiðsluverð framangreindra fisktegunda og áætlaðri þróun afurðaverða á gildistíma verðákvörðunar.

Verðlagsstofa skiptaverðs annast alla nánari útreikninga og framsetningu og sker úr hugsanlegum ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun á efnisatriðum. Verðákvörðanir úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna um viðmiðunarverð milli skyldra aðila á framangreindum fisktegundum skulu teknar a.m.k. mánaðarlega, þ.e. í byrjun hvers mánaðar og oftast ef þurfa þykir.

Grein 1.37., Trúnaðarmaður skipverja, orðist þannig:

Skipverjum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverju skipi þar sem starfa fimm eða fleiri sjómenn á skipinu. Ef tvær áhafnir eru ráðnar á frystiskip er heimilt að kjósa tvo trúnaðarmenn, þ.e. einn fyrir hvora áhöfn fyrir sig. Að kosningu lokinni tilkynnir viðkomandi verkafélagsfélag trúnaðarmanninn/-mennina til útgerðar. Verði kosningu ekki við komið skulu trúnaðarmenn tilnefndir af viðkomandi stéttarfélagi.

Trúnaðarmenn skulu ekki kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.

Trúnaðarmanni skal heimilt í sambandi við ágreiningsefni að yfirfara gögn frá útgerðinni sem ágreiningsefnið varðar. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Trúnaðarmaður skal bera kvartanir skipverja upp við stjórnendur útgerðarinnar áður en leitað er til annarra aðila.

Trúnaðarmönnum skipverja skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari að sinna starfi trúnaðarmanns. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið, samtals eina viku á ári, sem skipulögð eru af stéttarfélögum og ætlað er að gera trúnaðarmönnum betur kleift að takast á við starf sitt. Þeir sem sækja námskeiðin skulu eiga rétt á að fá greidda kauptryggingu í allt að eina viku á ári vegna þess.

Grein 1.39. tekur eftirfarandi breytingum::

Grein 1.39.1 orðist þannig:

Komi fram ný skip eða nýjar veiði- og verkunaraðferðir, eða að um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- og verkunaraðferðum er horfa til verksparnaðar eða fjölgunar í áhöfn, hagræðingar og/eða breytinga á störfum um borð, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi.

W
OKM

Heimilt er samningsaðilum að semja um að lækka skiptaprósentuna á skipum tímabundið eða ótímabundið, eða gera breytingar á öðrum atriðum kjarasamnings þessa, hvort sem um er að ræða skip sem skráð eru í fyrsta sinn á íslenska skipaskrá fyrir eða eftir 1.1.2023.

Við gerð slíks samnings geta aðilar m.a. horft til eftirfarandi atriða:

1. Afkastagetu skips, tækja, búnaðar og vélarafis.
2. Möguleika á frekari vinnslu eða bættri meðhöndlun afla um borð sem gefur kost á auknum tekjum.
3. Að útgerð tryggi ásættanlegt lágmarks aflaverðmæti eða tekjur.
4. Annarra atriða sem metin eru fullnægjandi, þ.m.t. betri aðbúnaðar áhafnar.

Heimilt er að breyta skiptaprósentu oftár en einu sinni gefist tilefni til þess, t.d. ef um endurbætur á skipi er að ræða.

Komi fram ósk um að virkja ákvæði þessarar greinar skal viðkomandi leggja fram skriflega og rökstudda greinargerð um ástæður þess að farið er fram á breytingu á kjarasamningi aðila á grundvelli þessa ákvæðis. Nái samningsaðilar ekki samkomulagi um samning skv. þessu ákvæði innan þriggja mánaða frá því ósk kemur fram skv. 1. málsl. getur hver samningsaðila skotið ágreiningi um skiptakjör til úrlausnar gerðardóms með því að senda öllum öðrum samningsaðilum skriflega kröfu um gerðarmeðferð.

Gerðardómur skal skipaður þremur sjálfstæðum og óvilhöllum gerðarmönnum. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi skipa einn gerðarmann, samtök sjómanna skipa einn gerðarmann sameiginlega og sá þriðji, sem jafnframt skal vera formaður gerðardóms, skal skipaður af öllum samningsaðilum sameiginlega. Náist ekki samkomulag um skipan formanns gerðardóms skal hverjum samningsaðila heimilt að leita til Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, sem skal þá skipa þrjú gerðarmenn til setu í gerðardómnum.

Hlutverk gerðardóms sem skipaður er á grundvelli þessa ákvæðis skal vera að kveða á um skiptakjör sem nota skal, miðað við fjölda áhafnarmedlima, þar sem horft skal m.a. til þeirra atriða sem kveðið er á um í 3. mgr. hér að framan, auk málsástæðna samningsaðila og þeirra sönnunargagna sem þeir leggja fram undir rekstri málsins.

Komi til þess að gerðarmeðferð verði hafin á grundvelli þessa ákvæðis skulu um málsmeðferð fyrir gerðardómi gilda málsmeðferðarreglur þær sem fram koma í viðauka 5 við samning þennan og þar sem þeim reglum sleppir gilda um málsmeðferðina lög nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma með síðari breytingum.

Grein 1.39.2.,við ákvæðið bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Uppgjör skv. þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 1. mars ár hvert vegna næstliðins árs. Útgerðir skulu veita upplýsingar um meðalafhlut á úthaldsdag skipa í viðkomandi skipaflokki eins fljótt og verða má. Upplýsingar um hvert skip eru trúnaðarmál.

Grein 1.39.3 fellur brott.

W

ODM

Grein 1.44., Samningsforsendur, orðist þannig:

Kjarasamningur þessi hvílir á þeim forsendum að breyting á 36. gr. sjómanna laga nái fram að ganga, í samræmi við vilja samningsaðila, að ekki verði gerðar verulegar breytingar á hlutverki Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. ákvæði laga nr. 13/1998, og að álögur ríkisins á sjávarútveg aukist ekki í verulegum mæli, s.s. með umtalsverðri hækkun veiðigjalds eða breytingu á fyrirkomulagi gjaldtöku, líkt og fyrningu aflaheimilda eða uppboðum.

Leiki á því vafi, að einhverjar af ofangreindum forsendum standist ekki, skal sérstök nefnd skipuð tveimur fulltrúum frá SFS og tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefndum þeirra félaga sem undirrita kjarasamninga við SA/SFS 9. febrúar 2023 taka til starfa og meta hvort forsendur hafi staðist. Telji aðilar, hvort heldur sameiginlega eða hvor um sig, að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman sameiginlegan fund samninganefnda ofangreindra aðila og framkvæmdastjórnar SFS, sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Náist ekki samkomulag um viðbrögð skal sá ofangreindra aðila (þ.e. SA/SFS eða sameiginleg viðræðunefnd stéttarfélaganna) sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu vegna forsendubrests skýra frá þeirri ákvörðun og rökstyðja hana. Fellur samningurinn þá úr gildi, að 12 mánuðum liðnum, frá sannanlegri tilkynningu ákvörðunar um uppsögn.

Ekki er unnt að segja kjarasamningi þessum upp á grundvelli forsendubrests fyrr en að fjórum árum liðnum frá gildistöku hans.

Grein 1.46., Tímabundin breyting á skiptaprósentu, falli brott.**Grein 1.47., Fjarskipti, verði grein 1.46.****Ný grein 1.47., Gildistími, orðist þannig:**

Með þeim breytingum sem hér eru gerðar framlengist kjarasamningur aðila til 31. janúar 2033 og rennur þá úr gildi án uppsagnar. Sjá þó grein 1.44. um samningsforsendur.

II. Breytingar á almennum greinum samningsins sem taka gildi 1. apríl 2023. Miðað er við greinar í samningi SSÍ og sambærilegar greinar í samningum ASA og VerkVest:

Grein 1.26, Greiðslur í lífeyrissjóð

2. mgr. greinar 1.26., Greiðslur í lífeyrissjóð, orðist þannig:

lðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera skv. eftirfarandi þar sem skipverjum býðst að velja á milli tveggja kosta og skal það val ráða skiptakjörum skv. kafla einstakra veiðigreina:

W
c. DM

Leið A – Lífeyrisauki:

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 15,5% af öllum launum. Skal útgerð greiða 11,5% en sjómenn 4%.

Leið B – Kaupauki:

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 12% af öllum launum. Skal útgerð greiða 8 % en sjómenn 4%.

Við bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Skipverjar skulu í ráðningarsamningi tilgreina hvora leið þeir velja. Skipverjar geta valið um að breyta á milli leiða skv. 2. mgr. einu sinni á ári og skal tilkynning um slíkar breytingar berast fyrir 1. desember ár hvert til útgerðar og tekur breytingin gildi frá og með 1. janúar næsta árs.

Bráðabirgðaákvæði:

Við undirritun kjarasamnings fara allir skipverjar sjálfkrafa í leið A skv. 2. mgr. Þeir skipverjar sem kjósa að velja leið B skulu koma slíkri beiðni áleiðis til útgerðar eigi síðar en 1. apríl 2023.

Grein 1.29., Skiptaverð aflans, orðist þannig:

Skipt skal úr heildarverðmæti aflans með þeim undantekningum sem fram koma í greinum 1.29.1, 1.29.2 og 1.29.3.

Grein 1.29.1., Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum, orðist þannig:

Þegar afli er seldur til vinnslu innanlands skal skipt úr heildarverðmæti aflans.

Úr aflaverðmæti vinnsluskipa sem frysta bolfisk og uppsjávarfisk um borð skal skipt úr FOB verðmæti aflans. Sé aflinn seldur með CIF söluskilmálum skal umreikna CIF verðmætið þannig að FOB verðmætið = 92,36% af CIF verðmætinu.

Úr verðmæti afla skipa sem frysta rækju um borð skal skipt úr FOB verðmæti aflans. Sé rækjan seld með CIF söluskilmálum skal umreikna CIF verðmætið þannig að FOB verðmætið = 92,03% af CIF verðmætinu.

Sé fiskur seldur á uppboðsmarkaði hérlendis, sbr. lög nr. 79/2005 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, skal af heildarsöluverðmæti aflans draga frá beinan uppboðskostnað áður en til skipta kemur.

Þegar fiskiskip siglir með afla til sölu erlendis skal skiptaverðmæti aflans vera skv. grein 1.29.2.

W
OKM

Sé afli fluttur í gámi til sölu á erlendum markaði gildir grein 1.29.3 um verðmæti til skipta.

Grein 1.29.2., Skiptaverð þegar siglt er með aflann, orðist þannig:

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn skal skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta vera 94,29%, (66/70), af heildarverðmæti aflans.

Þegar fiskiskip siglir með afla til bræðslu erlendis skal skipt úr heildarsöluverðmæti aflans.

Grein 1.29.3., Afli seldur í gámum erlendis, orðist þannig:

Sé afli settur í gáma til sölu erlendis skulu skipverjar sjálfir ganga frá aflanum í gámana, án sérstakrar þóknunar. Skal sá tími sem fer í að ganga frá fiskinum í gámana ekki teljast til samningsbundinna hafnarfría.

Greiða skal löndunarpendinga í samræmi við ákvæði kjarasamningsins varðandi einstakar veiðigreinar.

Skipverjar og útgerðarmaður geta hins vegar gert með sér samkomulag um að þriðji aðili taki að sér að landa og setja fiskinn í gáma vegna sérstakra aðstæðna á hverjum stað og skal þá sá kostnaður dreginn frá sérstaklega auk umsamins frádráttar.

Landi skipverjar ekki sjálfir skulu þeir tilnefna trúnaðarmann úr sínum hópi, er hafi eftirlit með frágangi á þeim afla, sem settur er í gáma, án sérstakrar greiðslu.

Sé afla landað úr veiðiskipi í annað skip til sölu erlendis, skulu gilda sömu reglur og um sölu á fiski í gámum.

Samkomulag um frádrátt vegna sölu á gámafiski erlendis.

Af heildaraflaverðmæti (brúttósöluverði) skal draga frá flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun áður en skipt er. Að öðru leyti skulu skiptakjör kjarasamningsins gilda samkvæmt hlutaskiptareglum viðkomandi veiða.

Áður nefndir frádráttarliðir eru nánar sundurliðaðir þessir.

Flutningskostnaður: Flutningur innanlands til útskipunarhafnar, útskipun, váttrygging, flutningur á ákvörðunarstað, gámaleiga og vörugjald innanlands.

Erlendir tollar: Eins og þeir eru á hverjum tíma.

Erlendur kostnaður: Uppskeypun, kranaleiga, leigupláss, meðhöndlun, verka-mannakaup, vatn og uppboðskostnaður

Komi til þess, að samningsaðilar nái ekki samkomulagi um það, hvað teljist vera kostnaður skv. upptalningu kostnaðarliða að framan, skal ágreiningnum skotið til nefndar, sem skipuð skal einum fulltrúa frá SFS og einum frá fulltrúum sjómannafélaga sameiginlega. Verði nefndarmennirnir ekki sammála, ræður atkvæði fulltrúa sjómanna úrslitum í fyrsta

W. DHUM

ágreiningsmálinu, atkvæði fulltrúa SFS í því næsta og svo koll af kolli. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og bindandi fyrir aðila.

Taki skip sem siglt hefur með afla til sölu erlendis, vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa (salt ekki meðtalið), skulu skipverjar fá greitt 25% af farmgjöldum, sem fyrir farminn fást.

Grein 1.32., Mæling skipa, orðist þannig:

Þar sem rætt er um stærð eða stærðarmörk skipa í þessum samningi, er miðað við skráningarlengd skipa í metrum. Sjá þó viðauka 1 með samningi þessum vegna skipa sem fara í sólarlagsákvæði vegna breytingar á stærðarmörkum úr brúttórúmllestum í skráningarlengd í metrum.

III. Breytingar á greinum samningsins í einstaka veiðigreinum samningsins sem taka gildi 1. apríl 2023. Miðað er við greinar í samningi SSÍ og sambærilegar greinar í samningum ASA og VerkVest:

Breyting á kjarasamningi vegna breytingar á stærðarviðmiði úr brl. í skráningarlengd í metrum og m.v. að skipt verði úr heildarverðmæti aflans.

Greinar 2.01., 2.02. og 2.03 falla brott.

Grein 2.05. orðist þannig:

2.05. Landróðrar

Á skipum með beitningavél, sem landa daglega, skal skiptaprósentan vera eftirfarandi:

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	22,07%	22,49%	m.v. 5 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	22,07%	22,49%	m.v. 7 menn
Á skipum 24 m og lengri að skráningarlengd	21,11%	21,50%	m.v. 11 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,11 fyrir hvern mann sem vantar miðað við leið A og um 1,13 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða, skal skipaprósentan hækka um 1,11 fyrir hvern mann miðað við leið A og um 1,13 miðað við leið B.

Fyrir báta þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósentu og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósentu og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

W
Dunn

Grein 2.06. orðist þannig:**2.06. Útilegur**

Á skipum með beitningavél, sem eru á útilegu, skal skiptaprósentan vera eftirfarandi:

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	22,82%	23,45%	m.v. 6 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	22,82%	23,45%	m.v. 8 menn
Á skipum 24 – 39,99 m að skráningarlengd	21,98%	22,61%	m.v. 14 menn
Á skipum 40 m og lengri að skráningarlengd	21,98%	22,61%	m.v. 14 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,12 fyrir hvern mann sem vantar miðað við leið A og um 1,12 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða skal skiptaprósentan hækka um 1,12 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A og um 1,12 miðað við leið B.

Skipverji sem er á línubátum með beitningavél á útilegu sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern fækkaðan dag. Óskert línuuppbót skal vera kr. 64.210 og greiðist fyrir 15. janúar ár hvert miðað við úthald síðastliðins almanaksárs. Skipverji sem hefur tekjur yfir kr. 64.210 á hvern úthaldsdag, á ekki rétt á þessari greiðslu. Hætti skipverji störfum hjá útgerð fyrir lok almanaksárs, skal hann fá línuuppbót greidda við lokauppgjör.

Fyrir báta þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósenta og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósenta og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

Grein 2.07 um skiptakjör á lúðuveiðum falli brott.**Grein 2.32. um skiptakjör orðist þannig:**

Skiptakjör skulu vera sem hér segir:

Leið A	Leið B	
20,36%	20,74%	miðað við 16 – 17 menn
21,07%	21,46%	miðað við 18 – 20 menn

Séu færri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,78 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A og um 0,8 miðað við leið B.

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,78 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A og um 0,8 miðað við leið B.

W
-DKM

Grein 3.02. orðist þannig:**3.02. Landróðrar.**

Á landróðrarbátum, sem stunda veiðar með netum, fái skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af aflaverðmæti:

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	22,84%	23,27%	m.v. 6 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	20,41%	20,80%	m.v. 8 menn
Á skipum 24 - 39,99 m að skráningarlengd 1	9,38%	19,74%	m.v. 12 menn
Á skipum 40 m og lengri að skráningarlengd	19,38%	19,74%	m.v. 13 menn

Fyrir báta þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósenta og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósenta og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

3. og 4. mgr. greinar 3.03. orðist þannig:

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósenta lækka um 0,83 fyrir hvern mann sem vantar miðað við leið A og um 0,85 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða skal skiptaprósenta hækka um 0,83 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A og um 0,85 miðað við leið B.

4. kafli um dragnót fellur brott. Í staðinn kemur nýr 4. kafli er orðist þannig:**4. kafli.****DRAGNÓT****4.01. Skiptakjör á veiðum með dragnót**

Fyrir skip sem skráð eru í fyrsta sinn í íslenska skipaskrá eftir 1. janúar 2023 og skip sem skráð voru fyrir þann tíma í íslenska skipaskrá, en hafa ekki áður stundað dragnótaveiðar, skulu skiptakjör vera sem hér segir:

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	22,40%	23,62%	m.v. 4 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	22,40%	23,62%	m.v. 7 - 8 menn
Á skipum 24 - 39,99 m að skráningarlengd	22,40%	22,77%	m.v. 8 - 9 menn
Á skipum 40 m og lengri að skráningarlengd	21,98%	22,61%	m.v. 12 - 14 menn

Séu færri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósenta lækka um 1,12 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A og um 1,12 miðað við leið B.

W

-OHM

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,12 fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn en að ofan greinir miðað við leið A og um 1,12 miðað við leið B.

Fyrir báta sem skráðir voru í fyrsta sinn í íslenska skipaskrá fyrir 1. janúar 2023 og hafa stundað veiðar með dragnót skulu skiptakjör vera samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi, sbr. grein 4.01. í viðauka 1 með samningi þessum.

4.01.2. Aukahlutir

Á skipum sem eru á útilegu með dragnót skal vaktformaður hafa 1/16 hlut til viðbótar hásetahlut fyrir það starf. Ef ekki er 2. stýrimaður um borð skulu vaktformenn vera tveir, einn á hvorri vakt.

4.02. Hvíldartími

Skipverjar skulu hafa minnst 6 klst. hvíld á sólarhring. Þó skulu skipverjar á útilegubátum hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

4.03.1. Róðrarfrí á dagróðrum

Á dragnótaveiðum í dagróðrum skal vera helgarfrí. Helgarfrí skal aldrei teljast minna en einn sólarhringur, eftir að allri vinnu við bátinn er lokið.

Heimilt skal félagi sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi útgerðarstað að semja um annað fyrirkomulag varðandi frí, en að framan greinir.

Sé bátur skilinn eftir utan lögskráningarstaðar áhafnar, skal útgerðarmaður sjá skipverjum fyrir fari frá og til útgerðarstaðar skipsins í hafnarfríum.

Á föstudaginn langa og páskadag og sjómannadaginn skal ekki róíð eða verið á sjó.

4.03.2. Róðrar- og löndunarfrí á útileguskipum

Skipverjum á dragnótabátum á útilegu skulu tryggðir fjórir frídagar í mánuði.

Sé bátur skilinn eftir utan lögskráningarstaðar áhafnar, skal útgerðarmaður sjá skipverjum fyrir fari frá og til útgerðarstaðar skipsins í hafnarfríum.

Á föstudaginn langa og páskadag skal ekki róíð eða verið á sjó.

Þetta gildir ekki á skipum sem eru 40 m eða lengri að skráningarlengd.

Á þeim skipum sem stunda útileguveiðar með dragnót skulu skipverjar hafa frí við löndun.

Grein 5.00 orðist þannig: Bátar og togarar undir 40 metrum að skráningarlengd.

Grein 5.01.1. orðist þannig:

W
W

5.01.1. Skuttogarar 300 brúttótonn og stærri en styttri en 29 m að skráningarlengd.

Leið A	Leið B	
19,79%	20,16%	m.v. 12 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,11 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 1,13 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 1,11 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 1,13 miðað við leið B.

Grein 5.01.2. orðist þannig:**5.01.2. Skuttogarar 29 m til 39,99 m að skráningarlengd.**

Leið A	Leið B	
19,31%	19,67%	m.v. 11 - 14 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,9 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,92 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 0,9 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,92 miðað við leið B.

Grein 5.01.3 orðist þannig:**5.01.3. Bátar og togarar undir 300 brúttótonnum, styttri en 29 m að skráningarlengd.**

Leið A	Leið B	
20,76%	21,15%	m.v. 11 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,69 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,71 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,69 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,71 miðað við leið B.

Fyrir báta og togara þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósenta og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósenta og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

Grein 5.11. orðist þannig:**5.11. Um skiptakjör:**

W
DHU

Skuttogarar 40 m að skráningarlengd eða lengri.

Leið A	Leið B	
19,31%	19,67%	m.v. 15 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,62 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,63 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 0,62 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,63 miðað við leið B.

Grein 5.11. í kjarasamningi VerkVest orðist þannig:

5.11. Um skiptakjör:

Skuttogarar 40 m að skráningarlengd eða lengri.

Leið A	Leið B	
19,65%	20,02%	m.v. 15 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,62 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,63 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 0,62 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,63 miðað við leið B.

Grein 5.22 um skiptakjör á frystitögurum orðist þannig:

5.22. Skiptakjör.

Leið A	Leið B	
21,71%	22,12%	miðað við 20 menn
22,06%	22,48%	miðað við 21 mann
22,42%	22,84%	miðað við 22 – 24 menn
22,78%	23,20%	miðað við 25 menn
23,13%	23,57%	miðað við 26 menn
23,49%	23,93%	miðað við 27 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,57 fyrir hvern mann sem á vantar miðað við leið A en um 0,58 miðað við leið B.

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram 27, skal skiptaprósentan hækka um 0,07 miðað við leið A og B.

Grein 5.23. um skilgreiningu skiptaverðmætis orðist þannig:

Skipt skal úr FOB verðmæti aflans. Ef aflinn er seldur með CIF söluskilmálum skal umreikna CIF verðmæti þannig að FOB verðmæti = 92,36% af CIF verðmæti. Sé aflinn seldur skv. öðrum söluskilmálum skal reikna aflaverðmætið til FOB verðmætis áður en aflahlutir eru reiknaðir.

W
W

Kafli 5.40. um báta sem frysta bolfisk um borð fellur brott.

Kafli 5.50. um togskip sem salta fisk um borð fellur brott.

Kaflar 6, 7, 10 og 11 um veiðar á uppsjávarfiski falla brott. Í þeirra stað kemur nýr 7. kafli um veiðar á uppsjávarfiski.

Nýr 7. kafli orðist þannig:

Veiðar á uppsjávarfiski (loðna, síld, makrill, kolmunnir og aðrir uppsjávarfiskar).

7.01. Skiptakjör á veiðum á síld með hringnót.

Á veiðum á síld með hringnót skal skipt úr aflaverðmæti skipsins sem hér segir:

Leið A	Leið B	
19,51%	19,88%	miðað við 16 menn

Skiptakjör á veiðum á loðnu og makrill með hringnót.

Á veiðum á loðnu og makrill með hringnót skal skipt úr aflaverðmæti skipsins sem hér segir:

Leið A	Leið B	
19,51%	19,88%	miðað við 15 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,9 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,92 miðað við leið B.

Séu fleiri menn á skipi en að ofan greinir hækkar skiptaprósentan um 0,9 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,92 miðað við leið B.

7.02. Skiptakjör á veiðum með flotvörpu.

Á veiðum á uppsjávarfiski með flotvörpu skal skipt úr aflaverðmæti skipsins sem hér segir:

Leið A	Leið B	
19,72%	20,09%	miðað við 15 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,76 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,78 miðað við leið B.

Séu fleiri menn á skipi en að ofan greinir hækkar skiptaprósentan um 0,76 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,78 miðað við leið B.

W
DHM

7.03. Hvíldartími

Skipverjar skulu hafa minnst 6 klst. hvíld á sólarhring.

7.04. Hafnarfrí

Skipverjum verði af hverjum 30 dögum úthaldsins tryggt fjögurra sólarhringa (96 klst.) frí í heimahöfn frá því að vertíð hefst og þar til henni lýkur. Heimilt er að taka fríð í tvennu lagi þó aldrei skemmra en 24 klst. samfellt. Hafnarfrí skal teljast í heilum sólarhringum þannig að hafnarfrí sem veitt er umfram 24 klst. en nær ekki 48 klst. fellur niður. Fritaka telst hafin þá komið er til heimahafnar.

Skipverjum skal tryggt frí í heimahöfn á tímabilinu frá og með 20. desember til og með 2. janúar.

7.05. Vinnulaun við útbúnað skips og veiðarfæra á veiðum á uppsjávarfiski.

Skipverjar sem vinna við útbúnað skips fyrir vertíð eða að vertíð lokinni skulu fá þá vinnu greidda með tímakaupi samkvæmt launatöflu.

Skipverjar skulu án aukagreiðslu taka veiðarfæri skips í veiðarfærageymslu og koma þeim fyrir í skipinu. Sama gildir um að skila veiðarfærum í vertíðarlok. Ennfremur að taka í land uppstillingu og áhöld á þilfari og þvo lest og þilfar, enda sé það gert strax og vertíð lýkur.

Skipverjum er heimilað að vinna að nótaviðgerð erlendis og skulu þeir fá greitt fyrir þá vinnu tímakaup samkvæmt launatöflu.

7.06. Skiptaverð þegar siglt er með aflann til sölu erlendis.

Sé siglt með aflann til sölu erlendis, skal skipt úr heildarverðmætinu eins og um sölu innanlands sé að ræða.

7.08. Matsveinn.

Á skipum sem stunda veiðar á uppsjávarfiski ber matsveini að elda í höfn ef skipverjar eru um borð, þó ekki í heimahöfn, nema skipverjar séu við vinnu um borð.

7.09. Löndunarfrí.

Allir skipverjar skulu undanþegnir löndun, þ.e. störfum í lestum og á lúgum.

Frávik frá þessari reglu skulu heimil í undantekningartilvikum.

7.11. Heimild til að gera tímabundið samkomulag um frávik frá aðalkjarasamningi.

Heimilt er stéttarfélagi sjómanna að gera tímabundið samkomulag við útgerð um frávik frá aðalkjarasamningi fyrir skip sem veiða uppsjávarfisk þannig að afli og aflaverðmæti skiptist milli fleiri skipa sem hafa samstarf sín í milli um veiðarnar í stað þess að landaður afli og aflaverðmæti hvers skips sé grundvöllur til útreknings aflahlutar. Með samstarfi um veiðarnar er átt við að skipin veiði á svipuðum slóðum og miðli afla sem þau hafa veitt í eigin veiðarfæri til annarra skipa í samstarfinu sem síðan sigla með aflann í land til sölu. Þessi

W
DMM

heimild er þó háð því skilyrði að gildistími samkomulagsins sé innan gildistíma gildandi aðalkjarasamnings milli aðila. Ef aðalkjarasamningur hefur runnið út og nýr ekki gerður er stéttarfélagi óheimilt að gera samkomulag við útgerð um frávik frá aðalkjarasamningi.

Í samkomulaginu skal koma skýrt fram hver gildistími samkomulagsins er, hvernig samstarfi milli skipanna skuli háttað og í hvaða hlutföllum aflu og aflaverðmæti til uppgjors á aflahlut skipverja skiptist milli skipanna. Skýrt skal koma fram hvaða forsendur eru notaðar til að ákvarða skiptinguna, þ.e. hvernig mismunandi burðargeta og mismunandi fjöldi úthaldsdaga hvers skips hefur áhrif á skiptingu afla og aflaverðmætis milli skipanna á gildistíma samkomulagsins.

Stéttarfélög skipverja á skipum sem samstarfssamningurinn nær til skulu láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu um samkomulag um veiðisamstarf meðal sérhverrar áhafnar, og telst það samþykkt ef 2/3 hlutar þeirra greiðir atkvæði með veiðisamstarfi.

7.30. um loðnu sem fryst er um borð í frystiskipi sem liggur við bryggju orðist þannig:

7.31. Skilgreining skiptaverðs

Frá fob-verðmæti frystra afurða skal draga kostnað við hráefniskaup til vinnslunnar, miðað við loðnuna komna við skipshlið, áður en skiptaverð er reiknað.

7.32. Skilgreining á vinnu

Áhöfnin tekur að sér að koma hráefni um borð í skipið frá bryggju, annað hvort með dælu eða í kórum með krana skipsins. Áhöfnin tekur að sér að koma úrgangslöðnu á flutningstæki við skipshlið og fullunnum vörum annað hvort í frystilest skipsins eða í frystigám á bryggju ef henta þykir. Meðan á framleiðslu stendur skal reglulega taka sýni af framleiðslunni og skrá niðurstöður á þar til gert eyðublað.

7.33. Uppgjör

Skipverji skal fá greidda kauptryggingu vikulega að frádregnum venjulegum gjöldum. Eigi síðar en 2 dögum eftir að vinnslu er lokið skulu skipverjar fá greitt 80% af áætluðum aflahlut. Endanlegt uppgjör skal fara fram strax og endanlegt söluverð liggur fyrir og úttekt á framleiðslunni hefur farið fram.

Grein 7.34. orðist þannig:

Ef 18 menn eða færri eru á skipinu skal skiptaprósentan vera 21,00% miðað við leið A en 21,39% miðað við leið B. Skiptaprósentan skal vera 21,35% ef 19 menn eru á skipinu miðað við leið A en 21,75% miðað við leið B.

Grein 8.01. orðist þannig:

8.01. Skiptakjör á veiðum með humarvörpu

W
OKH

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	23,18%	23,62%	m.v. 6 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	22,49%	22,91%	m.v. 7 menn
Á skipum 24 m og lengri að skráningarlengd	21,11%	21,50%	m.v. 9 menn

Ef færri menn eru í áhöfn en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,35 fyrir hvern mann sem á vantar miðað við leið A og B.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,35 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A og B.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

Fyrir báta þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósenta og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósenta og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

Grein 9.01. orðist þannig:

9.01. Skiptakjör á rækjuveiðum (landað daglega eða ísað um borð)

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	22,14%	22,56%	m.v. 3 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	21,45%	21,86%	m.v. 5 menn
Á skipum 24 - 39,99 m að skráningarlengd	20,41%	20,80%	m.v. 6 menn
Á skipum 40 m og lengri að skráningarlengd	20,28%	20,66%	m.v. 9 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,38 fyrir hvern mann sem á vantar miðað við leið A en um 1,41 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 1,38 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 1,41 miðað við leið B.

Fyrir báta þar sem skiptakjör, þ.e. skiptaprósenta og mönnun var önnur miðað við brúttórúmllestamælingu samkvæmt síðast gildandi kjarasamningi en fram kemur í framangreindri skiptatöflu þar sem miðað er við skráningarlengd báts, skulu eldri kjör gilda þar til skipið verður tekið úr rekstri. Skiptaprósenta og mönnun fyrir þá báta kemur fram í viðauka 1 í kjarasamningnum.

Grein 9.11. um skiptakjör á rækjuveiðum þegar aflinn er unninn um borð orðist þannig:

9.11. Skiptakjör á rækjuveiðum, þegar aflinn er unninn um borð.

Leið A	Leið B	
20,19%	20,57%	miðað við 15 menn
21,01%	21,40%	miðað við 16 menn

W
OKM

21,35%	21,75%	miðað við 17 menn
21,69%	22,10%	miðað við 18 menn
22,03%	22,45%	miðað við 19 menn
22,24%	22,65%	miðað við 20 menn
22,44%	22,86%	miðað við 21 mann
22,71%	23,14%	miðað við 22 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,82 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,83 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 0,82 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,83 miðað við leið B.

Grein 9.12 orðist þannig:

9.12. Skiptaverðmæti á rækjuskipum sem vinna aflann um borð.

Skipt skal úr FOB verðmæti aflans. Ef aflinn er seldur með CIF söluskilmálum skal umreikna CIF verðmæti þannig að FOB verðmæti = 92,03% af CIF verðmæti. Sé aflinn seldur skv. öðrum söluskilmálum skal reikna aflaverðmætið til FOB verðmætis áður en aflahlutir eru reiknaðir.

Kafli 12 orðist þannig:

Skelfiskveiðar

12.01. Skiptakjör á hörpuðiskveiðum

	Leið A	Leið B	
Á skipum undir 15 m að skráningarlengd	25,40%	25,87%	m.v. 7 menn
Á skipum 15 - 23,99 m að skráningarlengd	25,40%	25,87%	m.v. 7 menn
Á skipum 24 m og lengri að skráningarlengd	25,40%	25,87%	m.v. 7 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,80 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 1,83 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 1,80 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 1,83 miðað við leið B.

Grein 13.02. orðist þannig:

13.02. Skiptakjör

Leið A		Leið B		
selt FOB	selt ferskt	selt FOB	selt ferskt	
19,57%	19,03%	19,94%	19,39%	miðað við 15 menn
19,93%	19,38%	20,30%	19,74%	miðað við 16 menn
20,29%	19,72%	20,67%	20,09%	miðað við 17 menn
20,64%	20,07%	21,03%	20,45%	miðað við 18 menn
21,00%	20,41%	21,39%	20,80%	miðað við 19 menn

W
-OHM

21,35%	20,76%	21,75%	21,15%	miðað við 20 menn
21,71%	21,11%	22,12%	21,50%	miðað við 21 mann
22,06%	21,45%	22,48%	21,86%	miðað við 22 – 24 menn
22,42%	21,80%	22,84%	22,21%	miðað við 25 menn
22,78%	22,14%	23,20%	22,56%	miðað við 26 menn

Grein 13.03. orðist þannig:

13.03. Skiptaverðmæti

Úr afla sem ekki er frystur um borð skal skipt úr heildar aflaverðmætinu. Skipt skal úr FOB verðmæti frystra afurða. Ef frystar afurðir eru seldar með CIF söluskilmálum skal umreikna CIF verðmæti þannig að FOB verðmæti = 92,36% af CIF verðmæti. Sé frystur afli seldur skv. öðrum söluskilmálum skal reikna aflaverðmætið til FOB verðmætis áður en aflahlutir eru reiknaðir.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

Með fyrirvara um samþykki stjórnar Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og aðildarféлага Sjómannasambands Íslands.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
og Samtaka atvinnulífsins

F.h. aðildarféлага Sjómannasambands
Íslands

Olafur S. Markunni
~~Ólafur Arnarson~~
 Ógi Þell Friðbjörn
 Gunnar Þorgeirsson
 Bjarni Arnarson
 Einar Ingi Gunnarsson
 Jóni Þorsteinsson
 Birte Karen Þryggvadóttir
 Bergur Þóð Eggertsson
 Heiður Arni Eiríksson
 Peler
 Jóns
 Heiður Arni

Valur Valursson
 Hólmgeir Jónsson
 Ógí Ólafsson
 Trausti Þórundarson
 Bergur Eyþósson
 Sona Getan
 Magnús S. Magnússon
 Bjartur S. Þryggvadóttir
 Ásgeir A. Baldursson
 Vinjalinn Þorinn
 Þorinn S. Guðrúnsson

Viðauki 1 (skip í einstaka veiðigreinum sem fara í sólarlag) vegna báta þar sem mönnun og skiptaprósenta skv. brúttórúmllestamælingu er önnur en skv. skiptatöflu m.v. skráningarlengd. Miðað er við skipti úr heildaraflaverðmæti.

LÍNUVEIÐAR, bátar með beitningavél.

2.05. Landróðrar

Á skipum með beitningavél, sem landa daglega, skal hundraðshluti af afla vera eftirfarandi:

	Leið A	Leið B
Á skipum að 60 brl.	22,07 % 22,49%	miðað við 5 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	22,07 % 22,49%	miðað við 7 menn
Á skipum 101-149 brl.	21,11 % 21,50%	miðað við 9 menn
Á skipum 150-190 brl.	21,11 % 21,50%	miðað við 11 menn
Á skipum 191 - 241 brl.	20,34 % 20,73%	miðað við 12 menn
Á skipum 241 og stærrri	19,65% 20,02%	miðað við 12 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,11 fyrir hvern mann sem vantar miðað við leið A en um 1,13 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða, skal skipaprósentan hækka um 1,11 fyrir hvern mann miðað við leið A en um 1,13 miðað við leið B.

2.06. Útilegur

Á skipum með beitningavél, sem eru á útilegu, skal hundraðshluti af afla verða eftirfarandi:

	Leið A	Leið B
Á skipum að 60 brl.	22,82% 23,45%	miðað við 6 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	22,82% 23,45%	miðað við 8 menn
Á skipum 101 - 144 brl.	22,82% 23,45%	miðað við 10 menn
Á skipum 145 - 241 brl.	22,68% 23,31%	miðað við 14 menn
Á skipum 241 og stærrri	21,98% 22,61%	miðað við 14 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,12 fyrir hvern mann sem vantar miðað við leið A en um 1,12 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða skal skiptaprósentan hækka um 1,12 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 1,12 miðað við leið B.

Skipverji sem er á línubátum með beitningavél á útilegu sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern fækkaðan dag. Óskert línuuppbót skal vera kr. 64.210 og greiðist fyrir 15. janúar ár hvert miðað við úthald síðastliðins almanaksárs. Skipverji sem hefur tekjur yfir

W
DHM

kr. 64.210 á hvern úthaldsdag, á ekki rétt á þessari greiðslu. Hætti skipverji störfum hjá útgerð fyrir lok almanaksárs, skal hann fá línuuppbót greidda við lokauppgjör.

NETAVEIÐAR

3.02. Landróðrar

Á landróðrabátum, sem stunda veiðar með netum, fái skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af aflaverðmæti:

	Leið A	Leið B
Á skipum að 21 rúml., 26,99%	27,50%	miðað við 6 menn
Á skipum 21 - 30 rúml., 22,84%	23,27%	miðað við 7 menn
Á skipum 31 - 50 rúml., 21,11%	21,50%	miðað við 7 menn
Á skipum 51 - 110 rúml., 20,41%	20,80%	miðað við 8 menn
Á skipum 111 - 150 rúml., 20,21%	20,59%	miðað við 10 menn
Á skipum 151 - 200 rúml., 20,21%	20,59%	miðað við 11 menn
Á skipum 201 - 240 rúml., 20,07%	20,45%	miðað við 11 menn
Á skipum 241 - 300 rúml., 19,38%	19,74%	miðað við 12 menn
Á skipum 301 - 500 rúml., 19,38%	19,74%	miðað við 13 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,83 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,85 miðað við leið B.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 0,83 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,85 miðað við leið B.

DRAGNÓT

4.01. Skiptakjör á veiðum með dragnót

	Leið A	Leið B
Á skipum að 31 rúml. 23,18%	23,62%	miðað við 4 menn
Á skipum 31 - 50 rúml. 23,18%	23,62%	miðað við 5 menn
Á skipum 51 - 110 rúml. 23,18%	23,62%	miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 150 rúml. 23,18%	23,62%	miðað við 8 menn
Á skipum 150 rúml. og yfir	23,18%	23,62% miðað við 9 menn

Séu færri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,04 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 1,06 miðað við leið B.

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,04 fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn en að ofan greinir miðað við leið A en um 1,06 miðað við leið B.

W
OHM

BOTNVÖRPUVEIÐAR**5.01.3 Bátar og togarar 200 brl. og minni**

Á bátum sem veiða með botnvörpu fái skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af aflaverðmæti:

	Leið A	Leið B	
Á skipum að 51 rúml.,	21,45%	21,86%	miðað við 5 menn
Á skipum 51 - 110 rúml., 21,11%	21,50%		miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 150 rúml.,	20,76%	21,15%	miðað við 10 menn
Á skipum 151 - 200 rúml.,	20,76%	21,15%	miðað við 11 menn
Á skipum 201 - 240 rúml., 20,41%	20,80%		miðað við 11 menn
Á skipum 241 - 500 rúml., 19,72%	20,09%		miðað við 11 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,69 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 0,71 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,69 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en um 0,71 miðað við leið B.

HUMARVEIÐAR**8.01. Skiptakjör á veiðum með humarvörpu**

	Leið A	Leið B	
Á skipum að 31 rúml., 23,53%	23,97%		miðað við 6 menn
Á skipum 31 - 50 rúml., 23,18%	23,62%		miðað við 6 menn
Á skipum 51 - 110 rúml., 22,49%	22,91%		miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 240 rúml., 21,80%	22,21%		miðað við 9 menn
Á skipum 241 - 300 rúml., 21,11%	21,50%		miðað við 9 menn

Ef færri menn eru í áhöfn en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,35 fyrir hvern mann sem á vantar miðað við leið A og B.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,35 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A og B.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

RÆKJUVEIÐAR**9.01. Skiptakjör á rækjuveiðum**

	Leið A	Leið B	
Á skipum að 31 rúml.,	22,14%	22,56%	miðað við 3 menn

W
DHM

Á skipum 31 - 50 rúml.,	22,14%	22,56%	miðað við 4 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	21,45%	21,86%	miðað við 5 menn
Á skipum 111 - 239 rúml.,	20,41%	20,80%	miðað við 6 menn
Á skipum 240 - 250 rúml.,	19,72%	20,09%	miðað við 7 menn
Á skipum 251 - 500 rúml.,	20,07%	20,45%	miðað við 8 menn
Á skipum 501 og stærri	20,28%	20,66%	miðað við 9 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,38 fyrir hvern mann sem á vantar miðað við leið A en um 1,41 miðað við leið B.

Ef fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 1,38 fyrir hvern mann sem umfram er miðað við leið A en ym 1,41 miðað við leið B.

VerkVest kjarasamningur Dragnót

	Leið A	Leið B	
Á skipum að 31 rúml.	24,57%	25,03%	miðað við 4 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.	24,57%	25,03%	miðað við 5 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.	24,57%	25,03%	miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 150 rúml.	24,57%	25,03%	miðað við 8 menn
Á skipum 150 - 240 rúml	24,57%	25,03%	miðað við 9 menn
Á skipum 241 rúml. og yfir	23,87%	24,32%	miðað við 9 menn

Séu færri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,04 fyrir hvern mann sem fækkað er um miðað við leið A en um 1,06 miðað við leið B.

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,04 fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn en að ofan greinir miðað við leið A en um 1,06 miðað við leið B.

W
Dtky

Viðauki 2 – staðlaður verðsamningur vegna veiða á uppsjávarfiski**Samkomulag um verð á uppsjávarfiski**

milli

nafn útgerðar _____ og áhafnar nafn skips _____

Forsendur:

Afurðir eru alla jafna óseldar þegar aðilar semja um verð til grundvallar uppgjöri áhafnar. Er því um áætlun á skilaverði afurða að ræða, sem byggir á mati útgerðar. Í mati þessu skal taka mið af áætluðu markaðsverði afurða, efnainnihaldi hráefnis og gengi gjaldmiðla á hverjum tíma. Verð tekur einnig breytingum út frá gæðamati, t.d. átuskemmdum, losi, blóðblettum, ferskleika og saltinnihaldi. Verð miðast því við að meðferð á afla sé eins og best verður á kosið. Er þá m.a. litið til togtíma, frágangs, kælingar, efnisnotkunar og fylgni við leiðbeiningar útgerðar.

Verð á uppsjávarfiski til bræðslu:

Verð á hvert kg. upp úr skipi skal vera sem næst _____% af áætluðu skilaverði afurða mjöls og lýsis á hverjum tíma og tekur breytingum eftir því sem þurrefnis- og fituinnihald fisksins breytist.

Verð á uppsjávarfiski til frystingar:

Verð á kg. upp úr sjó skal vera sem næst _____% af áætluðu skilaverði afurða hverju sinni miðað við nýtingu þeirrar vinnslu sem hráefnið fer í (ekki skal reikna inn yfirvigt).

- Afskurður og hrat sem til fellur við vinnsluna reiknast inn í meðalverð til frystingar upp úr sjó m.v. _____% af verði á kg. upp úr sjó til bræðslu.
- Afskurður og hrat sem til fellur við vinnsluna reiknast ekki inn í meðalverð til frystingar.

Birting:

Verðtafla skal gefin út í upphafi vertíðar m.v. framangreindar forsendur og skal hún fylgja samningi þessum. Upplýsa ber um breytingar á verðtöflu miðað við breyttar forsendur hverju sinni þegar nýtt verð er ákveðið. Breytinga á forsendum skal getið þegar nýtt verð er gefið út. Samhliða skal Verðlagsstofa skiptaverðs upplýst um breytingar á verði á kg. upp úr sjó.

Gildistími samnings:

Samningur þessi gildir frá og með _____. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 7 dagar.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu áhafnar:

Samningur þessi var samþykktur í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar með ____ atkvæðum á móti ____ atkvæðum.

Staður og dagsetning.

f.h. áhafnar

f.h. útgerðar

W
-DUM

Viðauki 3 – Öryggisnefnd

Öryggismál – gerum enn betur

Sameiginlegt markið samningsaðila er að fækka slysum til sjós. Öryggisnefnd verður skipuð með sex einstaklingum. Skulu þrír vera tilnefndir af SFS og þrír af stéttarfélögum sjómanna. Skal nefndin koma saman til fundar að minnsta kosti tvisvar á ári. Fulltrúar stéttarfélaga og SFS skulu skiptast á að boða til fundar. Helstu verkefni nefndarinnar verða skv. eftirfarandi:

- Forvarnir.
- Samskipti og samvinna við Slysavarnaskóla sjómanna og Samgöngustofu.
- Útbúa fræðsluefni.
- Hvetja sjómenn til þess að skrá og tilkynna frávik í starfsemi.
- Styðja við rannsóknir á slysum og leggja til úrbætur.
- Skoðun á umfangi og réttarstöðu við tímabundnar ráðningar.
- Setja sér markmið og vinna að ákveðnum áföngum á tímabilinu.
- Sýna áþreifanleg gögn um árangur og það sem má bæta.

Með þessu verður mótuð sameiginleg heildstæð framtíðarsýn um öryggismál sjómanna með eftirfylgni og stuðningi fyrir útgerðir og sjómenn. Þá aðstoðar öryggisnefndin eftir þörfum útgerðir og/eða samtök sjómanna við að tryggja að öryggisstefnur og aðgerðaáætlanir séu í samræmi við:

- Öryggishandbók fiskiskipa.
- Reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.
- Sjómannalög nr. 35/1985.
- Önnur lög sem gilda um áhafnir.

Þótt erfitt verði að telja að hægt sé að útrýma slysum með öllu, vill öryggishópurinn leggja sitt af mörkum svo takmarka megji þau eins mikið og kostur er. Kjörorðið er að allir komi heilir heim; þangað ber að stefna.

Viðauki 4 –

Dæmi um túlkun á veikinda- og slysarétti skipverja m.t.t. mismunandi róðra- og launafyrirkomulags.

60 daga heildarréttur á staðgengilslaunum, miðast við umsamið róðrafyrirkomulag skipverja. Full laun greiðast fyrir þann tíma sem skipverji átti sannanlega að vera á sjó í allt að 120 daga.

A. Skiptimannakerfi – Einn túr á sjó og næsti túr í frí (einn og einn kerfi).

Hver veiðiferð miðast við 30 daga í neðangreindum dæmum.

i. Hefðbundið hlutaskiptauppgjör:

Skipverji verður óvinnufær í 60 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann tekur full laun fyrir alla 30 daga fyrstu veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó). Skipverji er síðan launalaus fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr).

Skipverji verður óvinnufær í 90 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann tekur full laun fyrir alla 30 daga fyrstu veiðiferðina (skipulagður túr á sjó). Skipverji er síðan launalaus í næstu 30 daga í næsta túr á eftir (skipulagður frítúr). Skipverji tekur svo aftur full laun frá og með næstu veiðiferð á eftir (skipulagður túr á sjó), upp að 60 daga tímamarkinu.

Skipverji er óvinnufær í 120 daga frá og með þeim degi sem hann átti að koma um borð til vinnu. Hann tekur full laun fyrir alla daga fyrstu veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó), en er launalaus í næsta túr á eftir (skipulagður frítúr). Skipverji tekur svo aftur full laun frá og með upphafi næstu veiðiferðar (skipulagður túr á sjó) á eftir upp að 60 daga tímamarkinu. Skipverjinn á svo ekki rétt á fullum launum fyrir næstu veiðiferð á eftir (skipulagður frítúr).

Dagafjöldi óvinnufærni	Dagur 1 til 30	Dagur 30 til 60 (frítúr)	Dagur 60 til 90	Dagur 90 til 120 (frítúr)
60 dagar	Full laun	Engin greiðsla		
90 dagar	Full laun	Engin greiðsla	Full laun	
120 dagar	Full laun	Engin greiðsla	Full laun	Engin greiðsla

ii. Laun greidd samkvæmt greiðslumiðlun / jafnaðarhlutakerfi.

Skipverji er óvinnufær í 30 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann fær greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó). Skipverji fær jafnframt greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr). Launakerfið rúllar áfram.

Handwritten signature and initials:
[Signature]
[Initials]

Skipverji er óvinnufær í 60 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann fær greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó). Skipverji fær jafnframt greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr). Launakerfið rúllar áfram.

Skipverji er óvinnufær í 90 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann fær greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga fyrstu veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó). Skipverji fær jafnframt greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr). Skipverji fær þar að auki greiddan ½ aflahlut fyrir alla 30 daga þriðju veiðiferðarinnar á veikindatímanum (skipulagður túr á sjó), sem og ½ hlut fyrir næstu veiðiferð á eftir (skipulagður frítúr).

Skipverji er óvinnufær í 120 daga frá og með þeim degi sem hann á að koma um borð til vinnu. Hann fær greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga fyrstu veiðiferðarinnar (skipulagður túr á sjó). Skipverji fær jafnframt greiddan ½ hlut fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr). Skipverji fær þar að auki greiddan ½ aflahlut fyrir alla 30 daga þriðju veiðiferðarinnar á veikindatímanum (skipulagður túr á sjó), sem og ½ hlut fyrir fjórðu veiðiferðina á veikindatímanum. (skipulagður frítúr).

Dagafjöldi óvinnufærni	Dagur 1 til 30	Dagur 30 til 60 (frítúr)	Dagur 60 til 90	Dagur 90 til 120 (frítúr)
30 dagar	½ hlutur	½ hlutur		
60 dagar	½ hlutur	½ hlutur		
90 dagar	½ hlutur	½ hlutur	½ hlutur	½ hlutur
120 dagar	½ hlutur	½ hlutur	½ hlutur	½ hlutur

B Skiptimannakerfi – Tveir túrar á sjó og næsti túr í frí (tveir og einn kerfi).

Hver veiðiferð miðast við 30 daga í neðangreindum dæmum.

i. Hefðbundið hlutaskiptauppgjör

Skipverji verður fyrir slysi á 15 degi í seinni veiðiferð fyrir frí. Hann verður óvinnufær í 30 daga frá því tímamarki. Hann fær greidd full laun fyrir þá 15 daga sem eftir eru af yfirstandandi veiðiferð. Skipverjinn verður svo launalaus í þá 15 daga sem eftir eru af óvinnufærnitímabilinu (skipulagður frítúr).

Skipverji verður fyrir slysi á 15 degi í seinni veiðiferð fyrir frí. Hann verður óvinnufær í 60 daga frá því tímamarki. Hann fær greidd full laun þá 15 daga sem eftir eru af yfirstandandi veiðiferð. Skipverjinn er svo launalaus alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr), en tekur svo full laun fyrir fyrstu 15 daga veiðiferðarinnar þar á eftir (skipulagður túr á sjó).

*W
DHU*

Skipverji verður fyrir slysi á 15 degi í seinni veiðiferð fyrir frí. Hann verður óvinnufær í 90 daga frá því tímamarki. Hann fær greidd laun fyrir þá 15 daga sem eftir eru af yfirstandandi veiðiferð. Skipverjinn er svo launalaus fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr), en tekur svo laun fyrir alla 30 daga veiðiferðarinnar þar á eftir (skipulagður túr á sjó). Skipverjinn tekur auk þess laun fyrir fyrstu 15 daga veiðiferðarinnar þar á eftir (skipulagður túr á sjó).

Skipverji verður fyrir slysi á 15 degi í seinni veiðiferð fyrir frí. Hann verður óvinnufær í 120 daga frá því tímamarki. Skipverjinn fær greidd laun fyrir þá 15 daga sem eftir eru af yfirstandandi veiðiferð. Skipverjinn verður síðan launalaus í alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður frítúr). Skipverjinn tekur síðan laun fyrir alla 30 daga næstu veiðiferðar á eftir (skipulagður túr á sjó). Skipverjinn tekur auk þess laun fyrir 15 daga næstu veiðiferðar þar á eftir (skipulagður túr á sjó). Skipverjinn á svo ekki rétt á fullum launum í þá 30 daga sem eftir eru af óvinnufærnitímabilinu (rétturinn tæmdur og skipulagður frítúr á eftir).

Dagafjöldi óvinnufærni	Dagur 1 til 15	Dagur 15 til 45 (frítúr)	Dagur 45 til 75	Dagur 75 til 105
30 dagar	Full laun	Engin greiðsla		
60 dagar	Full laun	Engin greiðsla	Full laun í 15 daga	
90 dagar	Full laun	Engin greiðsla	Full laun	Full laun í 15 daga
120 dagar	Full laun	Engin greiðsla	Full laun	Full laun í 15 daga (rétturinn tæmdur)

W
DHM

VIÐAUKI 5

MÁLSMEDFERÐARREGLUR VEGNA GERÐARMEÐFERÐAR SAMKVÆMT GREIN 1.39.1

1. Komi til þess að einhver samningsaðila hefji gerðarmeðferð á grundvelli ákvæðis 1.39.1 í kjarasamningi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjómannasambands Íslands („**kjarasamningurinn**“) eru allir samningsaðilar sammála um slíkum gerðardómi skuli með endanlegum og bindandi hætti falið kveða á um skiptakjör sem nota skal, miðað við fjölda áhafnar meðlima, sbr. það sem fram kemur í ákvæði 1.39.1 í kjarasamningnum. Samningsaðilar eru ennfremur sammála um að komi til slíkrar gerðarmeðferðar að þá skuli eftirfarandi málsmeðferðarreglur gilda, auk ákvæða laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma með síðari breytingum.
2. Gerðarmenn skulu vera sjálfstæðir og óvilhallir gagnvart öllum samningsaðilum meðan á gerðarmeðferð stendur. Komi upp atvik eða aðstæður meðan á gerðarmeðferð stendur sem valda því að draga megi hlutdrægni og sjálfstæði gerðarmanns í efa skal gerðarmaður tilkynna samningsaðilum um slíkt að eigin frumkvæði.
3. Gerðarmeðferð telst hafin þegar einhver samningsaðila, einn eða fleiri, sendir öllum öðrum samningsaðilum skriflega kröfu um gerðarmeðferð. Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram í eða fylgja kröfu um gerðarmeðferð:
 - a. skýr skilyrðislaus krafa um að ágreiningi verði vísað til gerðarmeðferðar;
 - b. afrit skriflegra og rökstuddra greinargerða viðkomandi aðila um ástæður þess að farið er fram á breytingu á kjarasamningnum, sbr. ákvæði 1.39.1, liggi þær fyrir;
 - c. stutt lýsing á þeim kröfum sem viðkomandi aðili eða aðilar gera fyrir gerðardómnum og þeim málsgrundvelli sem slíkar kröfur byggja á;
 - d. tilgreining helstu sönnunargagna sem viðkomandi aðili telur að nauðsynleg séu til að færa sönnur á kröfur sínar og tilgreining þeirra sönnunargagna sem ekki hefur verið aflað; og
 - e. upplýsingar um þann einstakling sem lagt er til að verði skipaður sem gerðarmaður af hálfu viðkomandi aðila.
4. Sá aðili, eða þeir aðilar, sem er til varnar skulu innan sjö (7) virkra daga svara beiðni um gerðarmeðferð og skulu eftirfarandi upplýsingar að lágmarki koma fram í svarinu eða fylgja því:

W

ADAM

- a. afrit skriflegra og rökstuddra greinargerða viðkomandi aðila sem kunna að hafa verið lagðar fram samkvæmt ákvæði 1.39.1;
 - b. afstaða varnaraðila til þeirra krafna sem gerðar eru í beiðni um gerðarmeðferð ásamt stuttri lýsing á þeim kröfum sem varnaraðili eða -aðilar gera fyrir gerðardómnum og þeim málsgrundvelli sem slíkar kröfur byggja á;
 - c. tilgreining helstu sönnunargagna sem varnaraðili telur nauðsynleg til að taka til varna og/eða færa sönnur á gagnkröfur, ásamt tilgreiningu þeirra sönnunargagna sem á eftir að afla; og
 - d. upplýsingar um þann einstakling sem lagt er til að verði skipaður sem gerðarmaður af hálfu varnaraðila, auk athugasemda sem kunna að vera við þá tilnefningu gerðarmanns sem fram kemur í beiðni um gerðarmeðferð.
5. Þegar allir þrír (3) gerðarmennirnir hafa verið tilefndir og þeir samþykkt að taka starfann að sér þá telst gerðardómurinn fullskipaður. Skal gerðardómurinn innan fimm (5) virkra daga frá því tímamarki boða alla samningsaðila til fundar þar sem skipulagt skal í samráði við samningsaðila með hvaða hætti málsmeðferðinni skuli framhaldið.
 6. Að svo miklu leyti sem samningsaðilar hafa ekki samið á annan veg í kjarasamningnum eða þessum málsmeðferðarreglum er gerðardómnum heimilt að haga framkvæmd gerðarmeðferðarinnar með þeim hætti sem hann telur viðeigandi, svo fremi sem jafnræðis sé gætt á milli málsaðila og að aðilar fái eðlilegt og sanngjarnt tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna og koma málatilbúnaði sínum á framfæri. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að fara að öllum fyrirskipunum gerðardómsins.
 7. Samningsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegum greinargerðum til sóknar og varnar, auk þess sem þeim skal gefið færi á að svara málatilbúnaði gagnaðila. Skal sóknaraðili leggja fram sína greinargerð innan fjögurra vikna frá því að gerðardómurinn telst fullskipaður og skal varnaraðili leggja fram sína greinargerð innan fjögurra vikna frá því að greinargerð sóknaraðila var lögð fram. Þá skal sóknaraðili innan tveggja vikna frá því að greinargerð varnaraðila var lögð fram leggja fram athugasemdir sem sóknaraðili kann að hafa þar að lútandi. Leggi sóknaraðili fram slíkar athugasemdir skal varnaraðili gefið færi að leggja fram þær athugasemdir sem varnaraðili kann að hafa þar að lútandi og skal það einnig gert innan tveggja vikna.
 8. Samningsaðilum skal heimilt að leggja fram skriflegar vitnaskýrslur, þ.m.t. skýrslur sérfróðra vitna, undirritaðar af viðkomandi vitni, áður en munnlegur flutningur málsins hefst. Skýrslutökur af vitnum, þ.m.t. sérfróðum vitnum, skulu fara fram með þeim hætti sem gerðardómur ákveður. Gerðardómurinn hefur vald til þess að heimila skýrslutökur af

W
DHU1

vitnum, hafna því að vitni gefi skýrslu og takmarka skýrslutökur, þ.m.t. skýrslutökur af sérfræðivitnum, ef hann telur að slíkar skýrslutökur hafi enga þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

9. Málið skal ávalt munnlega flutt fyrir gerðardómnum geri einhver samningsaðila um það kröfu að öðrum kosti geta samningsaðilar í samráði við gerðardóminn ákveðið án flutnings
10. Fyrirtökur, málf lutningur og sérhver önnur fundahöld í tengslum við gerðarmeðferðina skulu háð fyrir luktum dyrum nema samningsaðilar hafi komið sér saman um annað.
11. Gerðardómurinn skal, að kröfu aðila, skipta kostnaði við gerðarmeðferð á milli aðila í endanlegri úrlausn, nema samningsaðilar hafi samið á annan veg. Hafi málsaðilar ekki samið á annan veg er gerðardómnum heimilt í endanlegri úrlausn, ef þess er krafist af málsaðila, að fyrirskipa aðila eða aðilum að greiða í heild eða hluta þann kostnað sem annar aðili eða aðrir aðilar hafa orðið fyrir í tengslum við gerðarmeðferðina, þ.m.t. lögfræðikostnað, að teknu tilliti til niðurstöðu ágreiningsins og að svo miklu leyti sem gerðardómurinn telur slíkan kostnað eðlilegan og sanngjarnan.
12. Allar úrlausnir og ákvarðanir kveðnar upp af gerðardómnum skulu vera skriflegar, endanlegar og bindandi fyrir samningsaðila. Ákvarðanir gerðardóms skulu teknar af meirihluta gerðarmanna. Náist ekki meirihluti skal formaður einn leysa úr ágreiningsefninu og kveða upp endanlega úrlausn. Gerðardómurinn skal kveða upp úrlausn sína með skriflegum og rökstuddum hætti, nema samningsaðilar hafi sérstaklega samið um að rökstuðningur skuli ekki fylgja.
13. Úrlausn gerðardóms skal liggja fyrir eigi síðar en sex (6) mánuðum frá þeim tíma er gerðardómurinn telst hafa verið fullskipaður.

W
Dum

Bókun A – Málefni VSS, aukið gagnsæi og upplýsingagjöf

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að gera starfsemi VSS sýnilegri. Það sé beinlínis æskilegt og skapi frekara traust. Í því skyni verður farið þess á leit við Verðlagsstofu skiptaverðs (VSS) að birt verði ársyfirlit yfir fjölda mála og lyktir eftir nánari sundurliðun, ekkert ósvipað því sem birt er í ársskýrslum Fiskistofu.

Í dæmaskyni hefur neðangreind tafla verið sett upp þar sem sundurliðað er á milli frumkvæðisathugana annars vegar og athugana v. ábendinga hins vegar. Í yfirliti kæmi einnig fram örstutt samantekt yfir fjölda mála fyrir úrskurðarnefndinni.

Athuganir skv. 6. gr.		Alls 37		Úrskurðarnefnd	
				Vísanir VSS skv. 7. gr.	Fjöldi
Frumkvæðisathuganir	Fjöldi	Ath. v. ábendinga	Fjöldi	Samkomulag úrskurðarnefndar	0
Frystitogarar	5	Frystitogarar	2	Úrskurðir fullskipaðrar nefndar	1
Lokið án aths.	4	Lokið án aths.	2		
Lokið með aths.	1	Lokið með aths.	0		
Ísflisctogarar	5	Ísflisctogarar	3		
Lokið án aths.	5	Lokið án aths.	2		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	1		
Línuveiðiskip	3	Línuveiðiskip	1		
Lokið án aths.	3	Lokið án aths.	1		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	0		
Dragnótaskip	2	Dragnótaskip	0		
Lokið án aths.	2	Lokið án aths.	0		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	0		
Rækjuveiðiskip	2	Rækjuveiðiskip	0		
Lokið án aths.	2	Lokið án aths.	0		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	0		
Netaveiðiskip	4	Netaveiðiskip	1		
Lokið án aths.	4	Lokið án aths.	1		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	0		
Uppsjávarveiðiskip	6	Uppsjávarveiðiskip	2		
Lokið án aths.	6	Lokið án aths.	2		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	0		
Annað	0	Annað	1		
Lokið án aths.	0	Lokið án aths.	0		
Lokið með aths.	0	Lokið með aths.	1		
Alls	27		10		

Að auki, þar sem núgildandi lög kveða aðeins á um að VSS beri að tilkynna bæði útgerð og áhöfn sé e-ð athugavert að mati VSS við uppgjör til áhafna, þá yrði því við komið að áhafnir og útgerðir séu einnig látnar vita sé ekkert athugavert við uppgjör til áhafna. Þetta yrði þá óháð því hvort athugun fari fram að frumkvæði VSS eða að fenginni ábendingu.

W
Othm

Bókun B – Sjálfstæði Verðlagsstofu skiptaverðs og aðgengi að gögnum

Samningsaðilar eru sammála um að sjálfstæði VSS verði tryggt í samræmi við ákvæði 2. gr. laga um VSS og að VSS verði eyrnamerkt nægjanleg fjárframlög á fjárlögum til að rækja hlutverk sitt.

Fulltrúar sjómanna leggja áherslu á að VSS verði gert kleift að nálgast upplýsingar um afurðaverð með rafrænum hætti frá Tollstjóra. Fulltrúar SFS benda á að VSS nálgist gögn frá Tollstjóra nú þegar með rafrænum hætti og að heimildir til gagnasöfnunar séu þegar til staðar og afar víðtækar. Þá hafi komið fram á fundi með fulltrúum VSS að vinna sé þegar í gangi af hálfu VSS í þessum efnunum.

Bókun C – samræming kjarasamnings VerkVest við kjarasamningi SSÍ

Á samningstímanum skal stefnt að því að samræma kjarasamning VerkVest við almennan kjarasamning Sjómannasambands Íslands við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Bókun D– Breytingar á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985

Samningsaðilar fara þess á leit gagnvart löggjafarvaldinu að breyting verði gerð á 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þess efnis að tryggt verði að sjómenn verði jafnsettir, forfallist þeir frá vinnu vegna slysa eða veikinda, þannig að þeir fái greidd fyrir þann tíma sem þeir áttu sannanlega að vera við störf. Sjómenn geti því tekið út sinn rétt, þ.e. 60 almanaksdaga, á allt að 120 almanaksdaga tímabili, líkt og nýtt ákvæði kjarasamninga kveður á um.